

Sigríður Dúna segir hugmyndafræði Kvennalistans útiloka konur sem falla ekki að ákveðinni ímynd:

# Ráðherrafrúm er ekki treystandi!

„Útkoma Kvennalistans í síðustu kosningum styður kenningu okkar. Páttaka Kvennalistans í R-listanum fellur ekki að hinni hreinu ímynd listans og slíkt getur hann ekki lifað af. Eiginmaður minn fellur heldur ekki að mynd listans af því hvernig eiginmann kvennalistakvenna eiga að vera og því var mér ekki treyst. Það er til skjalfest og því út í hött að þræta fyrir það núna,“ segir Sigríður Dúna Kristmundsdóttir mannfræðingur og ráðherrafrú.

Mikil umræða hefur spunnist vegna greinar Dr. Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur og Dr. Ingu Dóru Björnsdóttur, „Hreinleiki og saргун, eðlishyggi og refsingar í íslensku kvennahreyfingunni“, sem birtist í kvennatímaritinu The European Journal of Women's Studies. Umræðan hefur aðallega snúist um Sigríði Dúnu sjálfa og brothvarf hennar frá Kvennalistannum árið 1991 en það er í greininni tekið sem dæmi til að rökstyðja kennningar höfunda. En hvað segir Sigríður Dúna sjálf um efni greinarinnar og viðbrögð kvennalistakvenna við henni?

„Mér finnst leiðinlegt að umræðan hefur öll snúist um mig sjálfa. Greinin fjallar ekki um mig heldur er hún fræðileg greining á hugmyndafræði Kvennalistans. Í henni tókum við fjölgur dæmi, þar á meðal af sjálfrí mér, en þau eru ekki aðalatriði greinarinnar. Mér finnst reyndar merkilegt að þær konur sem eru að tjá sig um efni greinarinnar virðast ekki hafa lesið hana sjálfar.“

Í greininni fjöllum við um hvernig hugmyndafræði kvennahreyfingar sem í byrjun er frelsandi fyrir konur próast smám saman í þá átt að verða að eðlishyggi sem er heftandi og kúgandi fyrir konur. Eðlishyggi an segir að allar konur hafi vissa eiginleika. Það gerir það að verkum að konur sem falla ekki að þeiri mynd sem dregin er upp af konum geta heldur ekki fallið inn í Kvennalistann.“

Sigríður Dúna segir að í hugmyndafræði Kvennalistans sé einnig lögð áhersla á einingu og hreina ímynd listans. Páttaka Kvennalistans í Reykjavíkurlistannum hafi sargað þessu hreinu ímynd og í greininni sé varpað fram þeiri spurningu hvort Kvennalistinn geti lifað slíkt af.

„Greinin var skrifud löngu fyrir síðustu kosningar. Útkoma Kvennalistans í þeim bendir eingreið til þess að hann geti ekki lifað slíkt af og rennir stöðum undir greiningu okkar.“

„Hvað getur orðið til þess að konur falli ekki að ímynd Kvennalistans, samkvæmt greiningu ykkar?“

„Þær konur sem falla ekki að myndinni eru t.d. barnlausar konur, því þær hafa ekki reynslu móðurinnar, ósiðsamar konur og „vondar“ konur, vegna þess að ímyndin segir að konur séu góðar. Ekki heldur lesbíur því kynhneigð þeirra kemur í veg



„Það er allt í lagi að eiga engan eiginmann og eins að eiga eiginmann sem enginn veit hver er og blandar sér ekki í pólitísku umræðu. Eiginmenn mega hins vegar ekki vera virkir í öðrum stjórnálflokkum og ekki vera ásakadir opinberlega um neitt misjafnt. Þá saurga konur þeirra hina hreinu ímynd Kvennalistans.“

Kvennalistakonur segja að þær hafi leitað aftur og aftur eftir líðsinni þínu, eftir að þú hættir á þungi, en fengið dræmar undirtektir.

„Betta er alger fjarstæða. Ég starfaði með Kvennalistannum til ársins 1991. Þá gafst ég endanlega upp enda var ég þá orðin ráðherrafrú og eins og Magdalena Schram orðaði það þá „er ráðherrafrú ekki treystandi.“

Kristín Ástgeirs dóttir segir að greinin sé vafasöm fyrir þig sem fræðimann og henni hafi verið hafnað af norræna kvennatímaritinu Noru.

„Það finnst mér undarlegt þar sem ég sit nú reyndar sjálf í ritstjórn Noru. Það sem gerist í ritstjórn er trúnaðarmál en ég get fullyrt að greininni var ekki hafnað þar af frædilegum ástæðum. Hins vegar kann að vera að Kvennalistinn sjái sér hag í að þagga niður umræðu af þessu tagi.“

Um hvað snúast hin dæmin sem þið takið i greininni?

„Þróðja dæmið er af konu sem ætlaði að taka sæti í bankaráði fyrir Kvennalistann. Það komst síðan upp að sú kona starfaði við innheimtu skulda. Það var talid af neikvætt fyrir hina hreinu ímynd. Síðasta dæmið er síðan af Ingibjörgu Sólrunu og viðbrögðum Kvennalistans þegar hún tók aðra astöðu varðandi EES en hinari þingkonurnar á þeim tíma. Ingibjörg Sólrun braut þá gegn einingarámynd listans og saргun aði þannig ásýnd hans.“

„Hvernig eiga eiginmenn að vera samkvæmt hugmyndafræðinni?“

